

## FUNDARGERÐ

**Fimmtudaginn 28. febrúar 2013 kl. 11:30** kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar með varamönnum nefndarinnar í húsakynnum Grand Hótel Reykjavík. Fundurinn fór fram í Útgarði, fundarherbergi á 13. hæð hótelsins að Sigtúni 38, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Árni Rúnar Þorvaldsson, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir og Þórunn Egilsdóttir ásamt varamönnum í nefndinni þeim Höllu Sigríði Steinólfsdóttur, Bryndísi Haraldsdóttur og Albertínu Elíasdóttur. Jórunn Einarisdóttir varaformaður var í fjarfundarsambandi. Starfsmenn Jöfnunarsjóðs þau Elín Pálsdóttir, Elín Gunnarsdóttir, Guðni Geir Einarsson og Halldór V. Kristjánsson sátu jafnframt fundinn.

Gestir fundarins voru Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra og Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri skrifstofu mannréttinda og sveitarfélaga.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

## FUNDARGERÐIR

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerðir frá fundum ráðgjafarnefndar 17. desember 2012 og 24. janúar 2013. Fundargerðirnar voru samþykktar án athugasemda og undirritaðar.

## FUNDUR MEÐ VARAMÖNNUM Í RÁÐGJAFARNEFND

### Innanríkisráðherra

Í samræðum ráðherra og nefndarmanna gerði ráðherra grein fyrir tilgangi nýafstaðinna ferða sinna til Kína og Indlands þar sem hann kynnti sér meðal annars ættleiðingamál.

Ráðherra kom inn á mikilvægi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir sveitarfélögin í landinu. Í umfjöllun um endurskoðun á starfsemi Jöfnunarsjóðs kom fram að vinna við framkvæmd tillagna starfshóps sem annaðist heildarendurskoðun á reglum sjóðsins á árunum 2009 og 2010 hefði legið niðri í nokkurn tíma vegna anna en stefnt væri að því að hún hæfist á ný sem fyrst með sérstökum starfsmanni sem ráðinn væri tímabundið til starfa hjá sjóðnum. Ítrekað var að leiðarljós við endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga væri ávallt að nýta ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til að auka gæði jöfnunar milli sveitarfélaga.

Fram kom í umræðu um sérstakt aukaframlag í Jöfnunarsjóð að við bankahrunið 2008 hefði skuldastaða margra sveitarfélaga breyst og um leið hefðu áherslur við úthlutun aukaframlagsins tekið breytingum. Síðustu árin hefði framlagið verið notað til að koma til móts við sveitarfélög sem ættu í miklum fjárhagsvanda.

### Kynning á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Í kynningu á uppbyggingu og starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga kom fram að við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í janúar árið 1990 hafi sjóðurinn tekið til starfa í núverandi mynd. Gerð var grein fyrir lagagrundvelli hans og meginhlutverki. Fjallað var um tekjur hans og forsendur við úthlutun einstakra framlaga.

Að kynningu lokinni bauð formaður ráðgjafarnefndar varamönnum í nefndinni að sitja áfram og fylgjast með hefðbundnum störfum nefndarinnar.

## HÚSAFRIDUNARSJÓÐUR

### Framlag 2013

Lagt var fram til kynningar bréf frá Minjastofnun Íslands, dags. 29. janúar 2013. Í bréfinu er gerð grein fyrir nýjum lögum um menningarminjar, nr. 80/2012. Þar kemur jafnframt fram að lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í Húsafríðunarsjóð á árinu 2013 nemi 47.936.250 kr. Framlagið greiðist fyrir 1. maí ár hvert.

## **FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA**

### **Garðabær/Sveitarfélagið Álftanes**

Í tengslum við nýafstaðna sameiningu Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness var vakin athygli á ákvæðum d- og e-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Hvað d-liðinn varðar er um óbreytt jöfnunarframlög að ræða á sameiningarári. Með tilvísun til þessa fær Garðabær, sameinað sveitarfélag, óskert tekju- og útgjaldajöfnunarframlög vegna Sveitarfélagsins Álftaness í ár.

Hvað e-liðinn varðar fær nýja sveitarfélagið sérstakt framlag næstu fjögur árin sem áhrifum sameiningarinnar á jöfnunarframlögin nemur. Þetta sérstaka framlag verður reiknað út í árslokinn 2013 við uppgjör endanlegra tekju- og útgjaldajöfnunarframlaga ársins vegna Sveitarfélagsins Álftaness. Um er að ræða framlag sem gæti numið nokkrum tugum milljóna króna. Framreikningur framlagsins tekur mið af breytingu á vísitölu neysluverðs hvað tekjujöfnunarframlagið varðar og árlegu ráðstöfunarfjármagni hvað útgjaldajöfnunarframlagið varðar.

## **FRAMLÖG TIL JÖFNUNAR Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS**

### **Garðabær / Sveitarfélagið Álftanes**

Tekin var til umfjöllunar tillaga um úthlutun framlags að fjárhæð 8,8 m.kr. til Sveitarfélagsins Álftaness á árinu 2013 til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. Tillagan var unnin fyrir sameiningu sveitarfélagsins og Garðabæjar.

Fram kom að skoða þyrfti nánar í kjölfar sameiningarinnar tillögu frá því sl. haust að úthlutun framlagsins vegna Sveitarfélagsins Álftaness.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að fella framangreinda greiðslu framlagsins vegna Sveitarfélagsins Álftaness niður þar til málið hefði verið tekið til frekari skoðunar.

## **FRAMLÖG VEGNA HÚSALEIGUBÓTA**

### **Ný reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta**

Þann 1. janúar sl. tók gildi reglugerð nr. 1205/2012 um breytingu á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur, nr. 118/2003 með síðari breytingum. Með breytingunni á reglugerðinni, sem einkum nær til tekjuskerðingarmarka, tekjuskerðingarhlutfalls og grunnfjárhæðar bótanna, eru stigin fyrstu skref í átt að nýju húsnæðisbótakerfi sem innleitt verður í áföngum.

Sá kostnaðarauki sem af framangreindri breytingu á reglugerðinni hlýst mun alfarið verða borinn af ríkissjóði. Með tilvísun til þessa fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sérstakt viðbótarframlag á fjárlögum ársins 2013 að fjárhæð 1.000 m.kr.

Með tilvísun til framangreindrar breytingar á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur, nr. 118/2003 með síðari breytingum og hækkunar á ráðstöfunarfjármagni Jöfnunarsjóðs henni samfara var gefin út ný reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta nr. 150/2013 sem lögð var fram til kynningar á fundinum.

### **Endurtekin upplýsingaöflun vegna ársins 2013**

Að teknu tilliti til þess sem hér að framan greinir var nauðsynlegt að endurtaka fyrri upplýsingaöflun um áætlanir sveitarfélaga um greiðslur almennra og sérstakra húsaleigubóta á árinu 2013.

### **Endurskoðuð tillaga að greiðsluhlutfalli 2013**

#### *Almennar húsaleigubætur*

Endurskoðuð áætlun sveitarfélaga um heildargreiðslur almennra húsaleigubóta á árinu 2013 nemur um 4.385 m.kr. Að teknu tilliti til áætlunar um ráðstöfunarfjármagn sjóðsins að fjárhæð 2.836 m.kr. samþykkti ráðgjafarnefndin að endurskoða greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs vegna almennra húsaleigubóta nemi 64% á árinu 2013.

*Sérstakar húsaleigubætur*

Endurskoðuð áætlun sveitarfélaga um heildargreiðslur sérstakra húsaleigubóta á árinu 2013 nemur rúmlega 1.197 m.kr. Um 60% kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs er að ræða í greiðslum bótanna.

**FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA**

**Breyting á f-lið 7. gr. rgl. nr. 960/2010**

Lögð var fram til kynningar breyting á tilvísun í f-lið 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010 er fjallar um framlög til sérstakra verkefna.

**Framlag vegna úttektar á starfsemi landshlutasamtaka**

Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínum 14. nóvember 2008 beiðni samgönguráðuneytisins um aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að kostnaði vegna skipunar starfshóps sem ætlað var að skoða sérstaklega starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga í ljósi aukinna verkefna þeirra og annarra breytinga á starfsemi þeirra. Stafshópurinn var skipaður að tillögu nefndar sem falið var að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, er fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Nefndin samþykkti að leggja til að aðkoma sjóðsins tæki mið af úthlutun framlags að fjárhæð allt að 2,5 m.kr. á grundvelli heimildar í f-lið 7. gr., sbr. 11. gr. reglugerðarinnar í ljósi þess að verkefnið mundi nýtast sveitarfélögum á landsvísi.

Lagt var fram til kynningar bréf innanríkisráðuneytisins, dags. 28. janúar 2013. Þar kemur fram að starfshópurinn hafi skilað skýrslu sinni „Starfsemi landshlutasamtaka og tillögur að framtíðarfyrirkomulagi svæðisbundinnar samvinnu“ til ráðherra í júlí 2009. Niðurstöður skýrslunnar vöktu mikla athygli og í kjölfarið var mikil eftirspurn eftir kynningu og umræðu um niðurstöðurnar. Í bréfi ráðuneytisins er óskað eftir því að framangreint framlag komi til greiðslu á grundvelli samþykktar ráðgjafarnefndar sjóðsins frá því í nóvember 2008.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að verða við beiðni ráðuneytisins.

**Landshlutasamtök vegna samstarfsverkefna er tengjast sóknaráætlun**

Á grundvelli samþykktar tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 27. október 2011 verða til ráðstöfunar hjá sjóðnum 25 m.kr. á árunum 2012, 2013 og 2014 til að koma til móts við kostnað landshlutasamtaka sveitarfélaga hvað framkvæmd þeirra samstarfsverkefna varðar sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um.

Á árinu 2012 var framlaginu úthlutað á grundvelli stærðar hvers svæðis, vegalengda til Reykjavíkur og á grundvelli verkefnavinnu.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að aflað yrði frekari upplýsinga um verkefni landshlutasamtakanna á árinu og í kjölfarið væri endanleg afstaða tekin til úthlutunarreglna.

Nefndin samþykkti jafnframt að leggja til að í mars færi fram innborgun inn á framlag ársins að fjárhæð 1 m.kr. til hverra samtaka vegna verkefnavinnu.

**ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG**

**Breyting á b-lið 8. gr. reglugerðar nr. 960/2010**

Við útreikning á endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaganna á árinu 2013 er nú í fyrsta sinn tekið mið af íbúafjölda í sveitarfélögum 1. janúar á sama ári. Lögð var fram til kynningar breyting á ákvæði í b-lið 8. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, þar að lútandi.

### **Endurskoðuð áætlun um úthlutun framlaganna á árinu 2013**

Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínum 24. október 2012 tillögu að áætlun um heildarúthlutun útgjalda jöfnunarframlaga til sveitarfélaga á árinu 2013 að fjárhæð samtals 5.100 m.kr.

Á grundvelli aukins ráðstöfunarfjármagns sjóðsins liggur fyrir tillaga um hækkun framlaganna úr 5.100 m.kr. í 5.350 m.kr.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er lagt til að til úthlutunar nú komi 4.600 m. kr. á grundvelli A-hluta 13. gr. reglugerðarinnar og 575 m.kr. samkvæmt B-hluta eða samtals 5.175 m.kr.

Endurskoðuð áætlun um úthlutun framlaganna tekur mið af eftirfarandi forsendum:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2013.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2013.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2013. Tekið er mið af endurskilgreiningu Hagstofu Íslands á þéttbýlisstöðum og byggðakjörnum ásamt mannfjölda í dreifbýli. Kjarnar eru nú 112 í stað 99 áður.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. desember 2009, 2010, 2011 og 1. janúar 2013 vegna íbúafækkunar.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2012 vegna tekjuskerðingar.

Heildarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 13. gr. reglugerðar nema samtals 750 m.kr. á árinu 2013. Til úthlutunar nú koma 575 m.kr. eins og áður greinir en 175 m. kr. í lok ársins á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum sbr., b-lið 3. gr. vinnureglna frá 11. desember 2012 vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu umfram tekjur. Skólaakstur er enduráætlaður vegna upplýsinga úr Langanesbyggð um akstursleið sem ekki var getið um áður.

Forsenda við áætlaða úthlutun framlaga á grundvelli B-hluta framlaganna er eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í október 2012 að viðbættum upplýsingum um skólaakstur í Langanesbyggð.

Við tillögugerð að endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaga til Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Vopnafjarðarhrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar viku nefndarmennirnir Björk Þorsteinsdóttir, Bjarni Jónsson, Þórunn Egilsdóttir og Árni Rúnar Þorvaldsson af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

### **YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS rgl. nr. 351/2002**

#### **ALMENN JÖFNUNARFRAMLÖG TIL REKSTURS GRUNNSKÓLA**

##### **Endurskoðuð áætlun um úthlutun framlaga á árinu**

Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínum 24. október 2012 tillögu að áætlun um heildarúthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2013.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð tillaga að áætlaðri úthlutun almennra jöfnunarframlaga á árinu 2013, skv. 3. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt áætluninni leggur ráðgjafarnefndin til að úthlutað verði 5.382 m.kr. í almenn jöfnunarframlög á árinu að viðbættum leiðréttingum að fjárhæð 60 m.kr. vegna ársins 2011. Áætluð heildarúthlutun almennra jöfnunarframlaga nemur því 5.442 m.kr. á árinu 2013.

Á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 1226/2012, um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, frá 28. desember 2012 falla nú niður framlög til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur eru a.m.k. 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. útsvar og

fasteignaskattur á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna. Áður áætluð framlög til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir skerðingu renna til annarra sveitarfélaga á grundvelli útreiknaðs skiptihlutfalls.

Við útreikning framlaganna er nú í fyrsta sinn miðað við íbúafjölda 1. janúar í stað 1. desember ár hvert. Í stað útsvarsstofns frá 4. október 2012 í áætlun sjóðsins frá því í október er nú miðað við útsvarsstofn frá 14. desember 2012.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning enduráætlaðra framlaga vegna ársins 2013:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2012.
- Upplýsingar um skólagerð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við 1. janúar 2013.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra frá 14. desember 2012 um endanlegan útsvarsstofn sveitarfélaga vegna tekna ársins 2011 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2012.

Við tillögugerð að endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaganna til Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Vopnafjarðarhrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar viku nefndarmennirnir Björk Þorsteinsdóttir, Bjarni Jónsson, Þórunn Egilsdóttir og Árni Rúnar Þorvaldsson af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

## **FRAMLÖG VEGNA SÉRÞARFA FATLAÐRA NEMENDA**

### **Endurskoðuð áætlun vegna ársins 2013**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2013. Á fundi ráðgjafarnefndar 24. október 2012 samþykkti nefndin að leggja til að áætlað framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2013 næmi samtals um 896,4 m.kr. til annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar. Tillagan var samþykkt af ráðherra, sbr. minnisblað frá 25. október 2012.

Með frekari upplýsingum frá greiningaraðilum á landsvísu um hvaða börn falla undir vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins liggur nú fyrir að áætlað framlag nemi samtals 850,5 m.kr. Enn vantar þó niðurstöður greininga fyrir 21 barn. Ekki er gert ráð fyrir að þau börn falli öll undir vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins. Með tilvísun til þessa nemur endurskoðuð tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2013 samtals 875,2 m.kr. og hefur áætlunin því lækkað um rúmar 21 m.kr.

Við tillögugerð að endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaganna til Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Vopnafjarðarhrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar viku nefndarmennirnir Björk Þorsteinsdóttir, Bjarni Jónsson, Þórunn Egilsdóttir og Árni Rúnar Þorvaldsson af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

## **FRAMLÖG VEGNA SÉRSTAKRAR ÍSLENSKUKENNSLU NÝBÚA**

### **Endurskoðuð áætlun vegna ársins 2013**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaga vegna nýbúafraeðslu á árinu 2013. Á fundi ráðgjafarnefndar 24. október 2012 samþykkti nefndin að leggja til að áætlað framlag vegna nýbúafraeðslu á árinu 2013 næmi samtals um 160,1 m.kr. Eftir að verkefnisstjórnin hefur sent sjóðnum athugasemdir sveitarfélaganna vegna áætlaðs framlags á árinu liggur nú fyrir að endurskoðuð tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga vegna nýbúafraeðslu nemur um 154,6 m.kr. eða um 5,5 m.kr. lægri fjárhæð en áætlunin gerði ráð fyrir.

Við tillögugerð að endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaga til Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Vopnafjarðarhrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar viku nefndarmennirnir Björk

Þorsteinsdóttir, Bjarni Jónsson, Þórunn Egilsdóttir og Árni Rúnar Þorvaldsson af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

## **ÖNNUR FRAMLÖG**

### **Samningur um ytra mat grunnskólans**

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 30. nóvember sl. var lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í erindinu er óskað eftir framlagi til þróunarverkefnis um ytra mat á skólastarfi, samtals að fjárhæð 9.884.990 kr. Á árinu 2013 kæmi framlag að fjárhæð 5.222.506 kr. til greiðslu en framlag að fjárhæð 6.462.484 kr. á árinu 2014.

Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundinum 30. nóvember að leggja til að erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga væri samþykkt og var framlaginu úthlutað á grundvelli 8. gr. reglugerðar, nr. 351/2001, um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla. Fram kom að samningur yrði gerður um framkvæmd verkefnisins og samstarfsaðilum gerð skriflega grein fyrir framvindu verkefnisins ársfjórðungslega.

Á fundinum nú var lagður fram til kynningar samstarfssamningur um verkefnið sem undirritaður er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Námsmatsstofnun og innanríkisráðuneytinu vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

## **YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA rgl. nr. 510/2012**

### **ÁÆTLUÐ NIÐURSTAÐA ÁRSINS 2012**

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012. Á yfirlitinu kemur fram að áætluð almenn framlög hafi numið samtals 9.642,4 m.kr. Framlögin verða tekin til endurskoðunar þegar endanlegur álagningarstofn útsvars vegna ársins 2012 liggur fyrir í lok desember 2013 og leiðrétting framlaganna fara fram á árinu 2014. Framlög vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda námu samtals 89,0 m.kr. á árinu.

Samtals námu því heildargreiðslur framlaga til sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra á árinu 2012 um 9.731,4 m.kr.

## **ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK Á ÁRINU 2013**

### **Áætlanagerð 2013**

Fram kom að enn væri þó nokkur vinna eftir við leiðréttingar og samræmingu á upplýsingum frá sveitarfélögum/þjónustusvæðum og allar líkur væru á að áætlaður fundur með svæðunum til kynningar á áætlaðri úthlutun ársins 2013 mundi enn dragast um nokkrar vikur.

Fram kom hjá ráðgjafarnefndinni að framangreind seinkun væri orðin mjög alvarleg og allt yrði að gera til að kynningarfundurinn með svæðunum gæti farið fram sem allra fyrst. Rætt var um hvort rétt væri að skrifa svæðunum bréf þar sem gerð væri enn á ný grein fyrir orsökum seinkunarinnar.

### **Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum**

Lagt var fram til kynningar erindi frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, dags. 21. febrúar 2013, þar sem fram kemur ályktun sambandsins varðandi skiptingu fjármagns milli svæða og framkvæmd á SIS mati.

Fram kom að boðað yrði til fundar með fulltrúum svæðisins á allra næstu dögum til að fara yfir stöðu mála.

### **Þjónustusvæðið Vesturland**

Lagt var fram til kynningar erindi frá Þjónustusvæði Vesturlands, dags. 20. febrúar 2013, er varðar vöntun fjármagns til þjónustusvæðisins á árinu 2012.

## **FRAMKVÆMD MATS Á STUÐNINGSPÖRF**

Lagt var fram til kynningar minnisblað, dags. 27. febrúar 2013, þar sem fram kemur að 11. júní 2011 hafi verið undirritaður samningur milli innanríkisráðuneytisins, vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, velferðarráðuneytisins og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um að stofnunin taki að sér að meta stuðningsþarfir fatlaðs fólks. Notað verði matskerfið „Mat á stuðningsþörf“ (SIS matið)

Samkvæmt samningnum skiptist verkefnið í 4 þætti og í minnisblaðinu er gerð grein fyrir stöðu mála varðandi hvern þátt verkefnisins.

- Fullnusta á fyrsta áfanga „Mat á stuðningsþörf.“
- Mat á stuðningsþörf fatlaðs fólks á biðlistum.
- Mat á stuðningsþörf fatlaðs fólks sem sækir um þjónustu til þjónustuaðila (nýliðun).
- Heildarendurmat á þjónustuþörf samkvæmt 11. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 23. október 2010.

Frekari umfjöllun um stöðu matsins var frestað.

## **NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ**

### **Reglur við gerð samninga**

Lagt var fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 28. júní 2012, sem sent var til allra þjónustusvæða. Í bréfinu var verklag við umsóknir og úthlutun framlaga vegna NPA kynnt og óskað eftir umsóknum vegna gerðra NPA samninga á árinu 2012.

### **Fyrsta tillaga að úthlutun framlaga á árinu 2013**

Lögð var fram til kynningar á fundinum tillaga að úthlutun framlaga á árinu 2013 vegna gerðra NPA samninga á árinu 2012. Umsóknir höfðu borist frá 4 þjónustusvæðum, samtals vegna 21 einstaklings. Samningarnir taka til misjafnlega langs tíma, allt frá einum mánuði til 9 mánaða tímabils.

Útreikningur framlaga tekur mið af því að greiðsla fyrir hvern NPA samning í umsókn sveitarfélags/þjónustusvæðis nemi að hámarki 20% af upphæð viðkomandi samnings. Framlag getur þó aldrei orðið hærra en sem nemur hámarksframlagi sveitarfélags/þjónustusvæðis miðað við skiptihlutfall almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir nemur tillaga að úthlutun framlags vegna ársins 2012 samtals 9.880.061 kr. Þar sem ráðstöfunarfjármagn vegna NPA er um 140 m.kr. vegna ársins 2012, er hægt að flytja rúmlega 130 m.kr. yfir á árið 2013.

Farið hafði verið yfir innsenda samninga með starfsmanni verkefnastjórnar um NPA. Með tilvísun til þess samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að úthlutun framlags að fjárhæð 9.880.061 kr. vegna gerðra NPA samninga á árinu 2012.

Á fundi starfsmanna Jöfnunarsjóðs með formanni og starfsmanni verkefnastjórnar um málefni NPA 22. febrúar sl. kom fram ósk um að þjónustusvæðum yrði sent erindi hið fyrsta þar sem ítrekað væri að umsóknum vegna ársins 2013 yrði skilað inn fyrir 12. apríl nk. og jafnframt að frá og með 12. apríl yrði ekki tekið við frekari umsóknum vegna gerðra samninga árið 2013.

## **FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARFRÆÐSLU**

### **Útreikningar á grundvelli nýrrar reglugerðar, nr. 23/2013 og vinnureglna**

Farið var yfir fyrirkomulag jöfnunar vegna úthlutunar framlaga til eflingar tónlistarfræðslu á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011. Skilgreint var hvaða námsefni tónlistarskólanna fellur undir framlög Jöfnunarsjóðs.

Á árinu 2011 var framlag miðað við fjölda nemenda eftir námsstigi og tegund náms í hverjum skóla en nú hafa verið teknar inn fleiri breytur við kostnaðarútreikninginn meðal annars lengd skólaárs, lengd kennslustundar og samkennsla. Upplýsingar frá sveitarfélögum um kennslumagn og nemendafjölda í tónlistarskólum sveitarfélagsins eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaga Jöfnunarsjóðs.

Fjöldi nemenda á skólaárinu 2012 til 2013, sem Jöfnunarsjóður leggur til grundvallar við útreikning framlaga sjóðsins samkvæmt 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar er 921 nemandi. Auk þess eru 18 nemendur sem falla undir 7. gr. reglugerðarinnar og sækja tónlistarnám utan síns sveitarfélags.

Ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaga til eflingar tónlistarfræðslu nemur 520 m.kr. á skólaársgrunni.

## ÖNNUR MÁL

### Skerðing framlaga til tekjuhárna sveitarfélaga

Þann 1. janúar sl. tóku gildi lög nr. 139/2012, um breytingu á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Í lögnum er kveðið á um hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og heimild til að kveða á um í reglugerð skerðingu á framlögum til þeirra sveitarfélaga er hafa heildarskatttekjur af útsvari og fasteignaskatti verulega umfram landsmeðaltal.

Lögð voru fram til kynningar eftirtalin gögn:

- Lög nr. 139/2012 um breytingu á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.
- Reglugerð nr. 1226/2012 um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010, sem var gefin út til að fylgja lagabreytingunni eftir.
- Bréf til þeirra sveitarfélaga sem hafa heildarskatttekjur af útsvari og fasteignaskatti verulega umfram landsmeðaltal vegna skerðingar framlaga.

### Skorradalshreppur

Lagt var fram til kynningar bréf Skorradalshrepps, dags. 28. desember 2011, þar sem framangreindri skerðingu framlaga var mótmælt.

### Ársfundur Jöfnunarsjóðs 2013

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er áætlað að halda fjármálaráðstefnu sveitarfélaga á árinu 2013 þann 3. og 4. október nk. á Hilton Reykjavík Nordica.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2013 væri haldinn miðvikudaginn 2. október nk. Einnig samþykkti nefndin að leggja til að um óbreytt fyrirkomulag fundarins yrði að ræða.

### Næsti fundur

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að stefnt yrði að næsta fundi nefndarinnar þann 22. mars nk. og að allt kapp yrði lagt á að kynningarfundur með þjónustusvæðum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra væri haldinn á sama tíma.

Formaður þakkaði varamönnum í nefndinni fyrir komuna á fundinn og lagði til að þeir fengju send til kynningar þau gögn sem lögð yrðu fram á fundum nefndarinnar.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 17:30.

Halldór V. Kristjánsson